

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi vestursvæðis Grundartanga.*  
Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 12. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis Grundartanga samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Breytingin er vegna stækkunar flæðigryfja.

*Breyting á deiliskipulagi Krosslands, 1. áfanga.*  
Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi 12. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi Krosslands, 1. áfanga, samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Í breytingunni felst að fjölga íbúðum á heildarreit Fögruvalla, úr 60 í 66 og að skyggni/skjólþök fari allt að 1 metra út fyrir byggingarreit.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 2. júlí 2024.*

**Jökull Helgason** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. júlí 2024